

Fimmtudaginn 18. mars 1976.

Nr. 125/1974. **Magnús Markússon**
 (Logi Guðbrandsson hrl.)
 gegn
Guðbirni Péturssyni
 (Ragnar Ólafsson hrl.)
Hjördísi Guðmundsdóttur
Ólafi Guðmundssyni
Óskari Guðmundssyni
Tómasi Guðmundssyni
Elíasi Tómassyni
Guðmundi Tómassyni
Jóni Tómassyni
 (Jón Hjaltason hrl.)
Bjarna Magnússyni
Grími Magnússyni
Magnúsi Magnússyni
Magnþóru Magnúsdóttur
Sigríði Magnúsdóttur
Þorsteini Magnússyni og
 (enginn)
Birni Fr. Björnssyni skiptaráðanda f. h.
dánarbús Þóru Þorsteinsdóttur og
Þorgeirs Tómassonar
 (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómaramirnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Ogilding erfðaskrár.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. júní 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. júní s. á. Krefst hann þess,

að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og erfðaskrá Þóru Þorsteinsdóttur og Þorgeirs Tómassonar 20. mars 1942 verði metin gild. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu Guðbjörns Péturssonar, Hjördísar Guðmundsdóttur, Ólafs Guðmundssonar, Óskars Guðmundssonar, Tómasar Guðmundssonar, Elíasar Tómassonar, Guðmundar Tómassonar, Jóns Tómassonar og Björns Fr. Björnssonar skiptaráðanda f. h. dánarbús Þóru Þorsteinsdóttur og Þorgeirs Tómassonar.

Stefndi Guðbjörn Pétursson krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndu Hjördís, Ólafur, Óskar og Tómas Guðmundarbörn svo og Elías, Guðmundur og Jón Tómassynir hafa krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Björn Fr. Björnsson skiptaráðandi f. h. dánarbús Þóru Þorsteinsdóttur og Þorgeirs Tómassonar svo og stefndu Bjarni, Grímur, Magnús, Magnþóra, Sigríður og Þorsteinn Magnúsarbörn hafa ekki komið fyrir Hæstarétt og engar kröfur gert í málinu.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða úrskurðar hefur Kristinn Þorsteinsson komið fyrir dóm og staðfest fyrri framburð sinn með drengskaparheiti.

Þóra Þorsteinsdóttir (1884—1966) og Þorgeir Tómasson (1896—1971) eru sögð hafa verið gefin saman í hjónaband 2. febrúar 1942. Þóra hafði áður verið gift Magnúsi Bjarnasyni, sem andaðist 1921. Með honum átti hún börn, sem stefnt er fyrir Hæstarétt í máli þessu: Bjarna, Grím, Magnús, Magnþóru, Sigríði og Þorstein. Sonur Sigríðar er áfrýjandi, Magnús Markússon. Þorgeir Tómasson var sonur Þórhildar Ólafsdóttur (1857—1949) og Tómasar Jónssonar (1847—1945) á Arnarhóli. Önnur börn þeirra eru sögð hafa verið Guðmundur, Ólafía og Tómas, sem öll eru látin. Sonur Ólafíu er stefndi Guðbjörn Pétursson (f. 1911). Hann mun hafa

flust að Arnarhóli 1912 eftir lát foreldra sinna. Stefndu Hjördis, Ólafur, Óskar, Tómas, Elías, Guðmundur og Jón eru bræðrabörn Þorgeirs Tómassonar.

Hin umdeilda erfðaskrá hljóðar svo:

„Við undirrituð hjón, jeg Þorgeir Tómasson og jeg, Þóra Þorsteinsdóttir, Arnarhóli í Landeyjum, sem eigum enga lífs-erfingja, gerum hjermeð svofellda arfleiðsluskrá:

Hvort okkar, sem lifir hitt, skal erfa það er fyrr læzt að öllum eignum þess, föstum og lausum, hverju nafni sem nefnast.

Eftir okkar dag skulu eignir okkar allar ganga til fóstursonar okkar, Magnúsar Markússonar, eftir því sem lög frekast leyfa.

Af arfleiðsluskrá þessari eru gjörð 2 eintök. Skal annað geymast í okkar vörslum, en hitt hjá valinkunnum manni, er við til þess kjósum. Hvort eintakið fyrir sig hefir fullt gildi um ofanskráða arfleiðslu.

Arnarhóli 20. mars 1942.

Þóra Þorsteinsdóttir. Þorgeir Tómasson.

Vitundarvottar:

Jón Skagan

Bergþórshvoli

Kristinn Þorsteinsson

Miðkoti“.

Stefndi Guðbjörn byggir kröfur sínar um staðfestingu hins áfrýjaða úrskurðar á þeim málsástæðum, að skjalið hafi ekki verið vottfest á lögmæltan hátt og ósannað sé, að erfðaskráin hafi að geyma hinsta vilja hjónanna Þóru og Þorgeirs um ráðstöfun eigna þeirra að þeim látnum.

Séra Jón Skagan gaf vitnaskýrslu fyrir skiptarétti Reykjavíkur 1. desember 1972, og var þá m. a. bókað: „Vitnið segir, að ekki hafi borist í tal, hver væri réttarstaða afkomenda Þóru í sambandi við erfðaskrána. Hins vegar hafi það borist í tal, að þau ætluðu Guðbirni Péturssyni, sem þarna var til heimilis, að fá eitthvað úr búi þeirra. Þetta ræddu þau hjónin sín í milli í áheyrn vitnisins, en fóru ekki fram á, að hlutur

Guðbjarnar yrði nefndur í erfðaskránni, enda tóku þau ekkert fram um, hvað mikið þau ætluðu honum. Aðspurt segir vitnið, að þau Þóra Þorsteinsdóttir og Þorgeir Tómasson hafi ekki verið viðstödd samningu erfðaskrárinnar. Vitnið er spurt, hvort þau hjónin Þóra og Þorgeir hafi ætlast til, að það, sem Guðbjörn Pétursson fengi, yrði greitt honum að þeim lifandi, en vitninu skildist svo, að sá hlutur ætti fyrst að greiðast að þeim látnum. Hann segir, að þau hafi komist að orði á þá leið, að Guðbjörn yrði nú að fá sitt, hann hefði þjónað þeim svo lengi kauplaust. Vitnið segir, að þegar það gerði frumdrög að erfðaskránni, hafi hann sérstaklega spurt þau hjónin, hvort þar ætti að nefna hlut Guðbjarnar, en þau hafi þá komist svo að orði, að hann ætti alltaf að fá sitt og um það yrði að sjá, en þau hefðu ekki séð ástæðu til að taka neitt fram um það í erfðaskránni“.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, hefur votturinn Kristinn Þorsteinsson borið fyrir dómi, að hann hafi ekki verið viðstaddur undirritun hjónanna á skjalið og að þau hafi ekki kennt við það fyrir honum. Mundi hann ekki, hvort undirskriftir Þóru og Þorgeirs voru á erfðaskránni, þegar hann ritaði nafn sitt á hana, en sagði, að „séra Jón hefði sagt sér, að skjalið, sem hann skrifaði á, væri testament, sem þau hefðu gert Þóra og Þorgeir“. Votturinn séra Jón Skagan hefur, svo sem rakið var, borið, að 20. mars 1942 hafi komið fram, að hjónin ætluðu tilteknum manni arf, þó að það kæmi ekki fram í hinu umdeilda skjali. Erfðaskráin hefur verið vefengd. Þegar þessi atriði eru höfð í huga, verður að telja ósannað, að hið umdeilda skjal hafi átt að vera erfðaskrá Þóru Þorsteinsdóttur og Þorgeirs Tómassonar. Þegar af þeirri ástæðu verður að meta það ógilt bæði eftir erfðatilskipuninni frá 25. september 1850, sbr. 23. gr., og eftir erfðalögum nr. 8/1962, sbr. 40. gr. og 45. gr., 2. mgr., sbr. og 60. gr.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Áfrýjandi greiði stefnda Guðbirni Péturssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 30.000 krónur. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Markússon, greiði stefnda Guðbirni Péturssyni 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 14. september 1973.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 7. sept. sl. eftir munnlegan flutning.

Með bréfi, dags. 12. júní 1972, krafðist Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður þess f. h. Magnúsar Markússonar, Rauðarárstíg 13, Reykjavík, að dánarbú Þorgeirs Tómassonar, Arnarhóli í Vestur-Landeyjum, sem andaðist 17. okt. 1971, yrði tekið til opinberra skipta. Jafnframt gerði hann kröfu til þess, að Magnús tæki allan arf eftir Þorgeir. Þorgeir gerði að vísu erfðaskrá 16. sept. 1971, en hún sé ógild sakir þess, að honum hafi verið óheimilt að ráðstafa eignum sínum. Þorgeir og kona hans, Þóra Þorsteinsdóttir, sem andaðist 3. ágúst 1966, höfðu gert gagnkvæma erfðaskrá 20. mars 1942 þess efnis, að það hjóna, sem lengur lifði, skyldi erfa hitt, en eftir lát þeirra beggja skyldi Magnús Markússon, fóstursonur þeirra, taka allan arf eftir þau. Þessi erfðaskrá hefði verið óbreytt við lát Þóru og Þorgeiri því óheimilt að breyta henni, þar sem hún var jafnframt bindandi samningur milli þeirra hjóna.

Þessi erfðaskrá var, eins og áður segir, gerð 20. mars 1942, dómsskj. nr. 6, gagnkvæm, en einkaerfingi eftir lát beggja hjónanna, Magnús Markússon, en samkv. erfðaskrá Þorgeirs frá 16. sept. 1971 var svo fyrir mælt, að Magnús skyldi erfa kr. 150.000 úr búinu, en Guðbjörn Pétursson, Arnarhóli, að öðru leyti erfa eignir búins.

Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður hefur f. h. Guðbjörns mætt í máli þessu og lýst yfir, að hann vefengi arfleiðsluskra Þóru og Þorgeirs frá 20. mars 1942, og hefur hann krafist þess, að hún verði úrskurðuð ógild sakir þess, að ekki sé formlega frá henni gengið. Annar arfleiðsluvotturinn hafi ekki verið viðstaddur, þegar þau skrifuðu undir erfðaskrána, og auk þess bróðir Þóru.

Af hálfu barna Guðmundar sáluga Tómassonar, skipstjóra í Vestmannaeyjum, bróður Þorgeirs Tómassonar, mætti í skipta-

réttinum Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður, og gerði hann kröfu til þess, að skipti yrðu fyrst látin fara fram í dánarbúi Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur, Arnarhóli, foreldra þeirra Þorgeirs og Guðmundar, vegna þess að því búi hefði aldrei verið skipt, en eign þess voru jarðirnar Arnarhóll og $\frac{1}{3}$ í Gerðum.

Það varð að samkomulagi milli skiptaráðanda og lögmannna að-
ilja, að úrskurður skyldi fyrst ganga um gildi erfðaskrár þeirra Þorgeirs Tómassonar og Þóru Þorsteinsdóttur frá 20. mars 1942.

Ákveðinn var munnlegur flutningur málsins, og fór hann fram 7. sept. 1973.

Leitað var um sættir, en án árangurs.

Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður, lögmaður Magnúsar Markússonar, gerði kröfu til þess, að erfðaskráin á dómsskj. nr. 6 frá 20. mars 1942 yrði úrskurðuð gild og honum yrði úrskurðaður málskostnaður úr dánarbúinu.

Hann taldi að vísu vera formgalla á erfðaskránni, en vilji arfleiðendanna kæmi skýrt fram og væri því ekki um efnisgalla að ræða. Það væri að vísu ekki rétt, að þau hjón hefðu ekki átt lífs-
erfingja, þegar erfðaskráin var gerð, þau áttu ekki börn saman, en Þóra átti sex börn á lífi.

Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður, lögmaður Guðbjörns Péturssonar, lýsti því yfir, að hann vefengdi erfðaskrána frá 20. mars 1942, og krafðist þess, að hún væri úrskurðuð ógild. Krafðist hann málskostnaðar af sóknaraðilja. Hann kvað erfðaskrána hvorki fylla formkröfur erfðalaganna né efnisatriði um vilja þeirra. Kristinn Þorsteinsson, bróðir Þóru, væri samkv. 40. gr. erfðalaga ekki hæfur arfleiðsluvottur. Í vætti séra Jóns Skagans kæmi fram, að þau hjón hefðu ætlað Guðbirni Péturssyni hluta úr eignum þeirra, en það komi ekki fram í erfðaskránni og sé erfðaskráin því ekki í samræmi við vilja þeirra.

Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður, lögmaður barna Guðmundar sáluga Tómassonar, kvaðst á þessu stigi málsins taka undir kröfur lögmanns Guðbjörns Péturssonar og krafðist málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Séra Jón Skagan, past. emerit., fyrrum sóknarprestur á Bergþórshvoli í Landeyjum, kom fyrir dóm 1. desember 1972 og skýrði frá því, að hann hefði samkv. beiðni Þóru Þorsteinsdóttur og Þorgeirs Tómassonar á Arnarhóli samið erfðaskrána á dómsskj. nr. 6 eftir formálabók Einars Arnórssonar. Síðan hefði hann eftir messu í Akurey komið við á Arnarhóli á heimleið og hefðu hjónin þá undirritað erfðaskrána, og minnti hann fastlega, að Kristinn

Þorsteinsson hefði þá einnig verið viðstaddur og skrifað undir sem vottur. Séra Jón kvaðst hafa tekið það úr formálabókinni, að hjónin ættu enga lífserfingja, og bæri það að skiljast svo, að þau hefðu ekki átt börn saman. Hann sagði hjónin hafa rætt um það sín í milli í áheyrn hans, að þau ætluðu Guðbirni Péturssyni, sem þar var á heimilinu, hlut úr búi þeirra, en ekki hefðu þau æskt þess, að hann færði það inn í erfðaskrána. En þau hefðu ekki minnst á, hve stóran hlut þau ætluðu honum.

Séra Jón lýsti því yfir, að þau hjón hefðu verið fyllilega andlega heilbrigð, er þau undirrituðu erfðaskrána, og hún sýndi einlægan vilja þeirra. Þá skýrði hann frá því, að orðalagið: „eftir því sem lög frekast leyfa“, sem hann tók upp úr formálabókinni, hefði opnað arfleiðendum leið til að ráðstafa til Guðbjörns Péturssonar einhverjum hlut eigna þeirra.

Vitnið kvaðst ekki hafa bent hjónunum á rétt barna Þóru og hefði hann ekki komið til tals á milli þeirra.

Arfleiðsluvotturinn Kristinn Þorsteinsson kom fyrir dóm 25. júlí 1973. Hann kvaðst hafa skrifað sem vottur undir dómsskjal nr. 6 samkvæmt beiðni séra Jóns Skagans. Hefði hann áritað erfðaskrána í stofu á Bergþórshvoli og hefðu þau ekki verið viðstödd, Þóra og Þorgeir. Hann kvaðst ekki hafa kynnt sér efni skjalsins, en séra Jón hefði sagt, að það væri testamenti. Ekki kvaðst hann muna, hvort undirskrift Þóru og Þorgeirs hefði verið á skjalinu, og hann sagðist ekki þekkja rithendur þeirra. Hann sagði það misminni hjá séra Jóni, að hann hefði skrifað á skjalið á Arnarhóli í viðurvist Þóru og Þorgeirs. Hann kvaðst ekki vita annað en að þau Þóra og Þorgeir hafi verið andlega heilbrigð, er þau gerðu erfðaskrána. Hann kvaðst hafa hitt þau svo að segja daglega um þær mundir.

Þá kom fyrir dóm Grímur Magnússon geðlæknir, sonur Þóru Þorsteinsdóttur og albróðir Sigríðar, móður Magnúsar Markússonar. Hann kynnti sér erfðaskrána á dómsskj. nr. 6. Skýrði hann frá því, að móðir hans hefði sýnt honum erfðaskrána einhverju sinni, er hann kom í heimsókn til hennar, og bað hann að lesa hana. Engar umræður urðu milli þeirra um efni erfðaskrárinnar. Hann kvað sig minna, að Þorgeir, stjúpfaðir hans, hefði verið viðstaddur, en þó ekki vera viss um að muna það rétt. Hann skýrði frá því, að móðir hans og Þorgeir hefðu bæði verið líkamlega og andlega heilbrigð um þær mundir sem þau gerðu erfðaskrána og eftir það.

Þegar Þóra Þorsteinsdóttir og Þorgeir Tómasson gerðu hina

gagnkvæmu erfðaskrá sína 20. mars 1942, voru gildandi um erfðaskrár ákvæði tilskipunar um nokkrar breytingar á erfðalögnum á Íslandi frá 25. sept. 1850. Í 23. grein tilskipunarinnar var svo fyrir mælt, að til þess að arfleiðsluskrá væri löggild, ef nokkur hlutaðeigandi vildi rengja, skyldi hún vera bréflæg og sá, sem arfleiddi, annað hvort rita nafn sitt undir hana eða kannast við hana, annað hvort fyrir notarii publici eða tveimur vitnum, sem tilkvödd hefðu verið í því skyni og ritað á arfleiðsluskrána vottorð sitt. Þeir skyldu geta unnið eið að því, ef þörf gerðist, að arfleiðandi hafi þá verið með fullu ráði, er hann ritaði í viðurvist þeirra nafn sitt undir arfleiðsluskrána eða kenndist við hana. Um arfleiðsluskrá skyldi þá eina taka til vitna, er væru svo valinkunnir og réttsýnir, að ekki yrði neitt með rökum að þeim fundið.

Þeirra fyrimæla 23. gr. erfðatilskipunarinnar frá 15. sept. 1850 var ekki gætt að rita á erfðaskrána vottorð um, að hjónin hefðu undirritað hana í viðurvist vottanna með fullu ráði og kannast við efni hennar, en hins vegar hefur það verið upplýst undir rekstri máls þessa, að þau hafi verið andlega heilbrigð, er þau undirrituðu hana.

Enda þó svo verði að líta á, að sannað sé í málinu, að erfðaskrá þeirra Þóru Þorsteinsdóttur og Þorgeirs Tómassonar frá 20. mars 1942 hafi að geyma síðasta sameiginlegan vilja þeirra um ráðstöfun á eignum þeirra eftir þeirra dag, að þau hafi verið andlega heilbrigð, þegar þau gerðu erfðaskrána, og hún sé ófölsuð, verður að úrskurða hana ógilda sakir þess, að ekki var formlega frá henni gengið samkv. lögum. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Arfleiðsluskrá Þóru Þorsteinsdóttur og Þorgeirs Tómassonar frá 20. mars 1942 skal vera ógild.

Málskostnaður falli niður.